

Reykjavík, 5. janúar 2023

## Efni: Samstarf ráðuneytis umhverfismála og frjálsra félagasamtaka

Ágæti ráðherra

Í [samstarfsyfirlýsing umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka frá 18. maí 2001](#) eru tilgreind nokkur atriði um formgerð og innihald samstarfsins sem hafa þann tilgang að raungera markmið að auka samráð við frjáls félagasamtök um stefnumörkun og framkvæmd umhverfisverndar í samræmi við ákvæði Árósasamningsins frá 1998.

Samtökin sem eiga aðild að samstarfsyfirlýsingunni telja að ráðuneyti umhverfismála hafi undanfarin misseri ekki starfað í anda nokkurra megin atriða í samstarfsyfirlýsingunni.

Í fyrsta lagi ákvæði þess efnis að ráðuneyti umhverfismála standi fyrir reglulegum samráðsfundum með umhverfissamtökum. Auk þess verður boðað til víðtækari samráðsfunda eftir því sem tilefni er til. Á þessum fundum mun ráðuneytið gera grein fyrir helstu málum sem unnið er að hverju sinni og umhverfissamtökin kynna sínar áherslur og verkefni. Engin fundur hefur farið fram á grundvelli þessa ákvæðis á þessu kjörtímabili. Hvetja undirrituð samtök ráðherra til að gera tafarlaust bragarbót á þessu.

Í öðru lagi ákvæði um að ráðuneyti umhverfismála leitist við að bjóða fulltrúum frjálsra félagasamtaka þátttöku í fjölskipuðum nefndum á vegum ráðuneytisins og að hafa samráð við þau við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða. Á þessu tímabili hefur ráðuneytið sett á laggirnar fjölmarga starfshópa<sup>1</sup> án þess að leitað hafi verið til umhverfisverndarsamtaka um tilnefningu. Telja undirrituð samtök að með þessu hafi ráðherra sniðgengið þetta ákvæði og þar með grafið undan samstarfsyfirlýsingunni.

Í þriðja lagi segir að ráðuneyti umhverfismála muni árlega veita styrki í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni til almennrar starfsemi umhverfissamtaka. Ítrekað hefur dregist úr hófi að ráðuneyti umhverfismála hafi auglýst og afgreitt umsóknir um þessa styrki og það skapar mikla óvissu um starfsemi umhverfisverndarsamtaka sem að hluta til byggja starfið á þessum framlögum. Nú undir árslok hefur ráðuneytið ekki enn hvorki auglýst eftir umsóknum um styrk né kynnt úthlutunarreglur. Undirrituð samtök leggja áherslu á að ráðuneyti umhverfismála bæti vinnubrögð og flýti fyrir afgreiðslu þessara styrkja.

---

<sup>1</sup> Sem dæmi um starfshópa þar sem eðlilegt hefði verið að fara í gegnum tengiliði umhverfisverndarsamtaka við URN og bjóða þeim að tilnefna aðila í starfshóp eru:

[Stjórnarráðið | Innleiðing hringrásarhagkerfis — starfshópur skipaður \(stjornarradid.is\)](#)

[Stjórnarráðið | Náttúruverur Íslands - Starfshópur um friðlýst svæði skilar niðurstöðum til ráðherra \(stjornarradid.is\)](#)

[Stjórnarráðið | Landsáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum - skipun stýrihóps \(stjornarradid.is\)](#)

[Stjórnarráðið | Starfshópur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum \(stjornarradid.is\)](#)

[Stjórnarráðið | Stjórn samráðsvettvangs skipuð um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga \(stjornarradid.is\)](#)

[Stjórnarráðið | Starfshópur um vindorku kallar eftir sjónarmiðum \(stjornarradid.is\)](#)

Með vinsemd og virðingu,

*Eldvötn – samtök um náttúruvernd í  
Skaftárhreppi*

*Fuglavernd*

*Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbriggt  
umhverfi í Mývatnssveit*

*Hið íslenska náttúrufræðifélaga – HÍN*

*Landvarðafélag Íslands*

*Landvernd, landgræðslu- og  
umhverfisverndarverndarsamtök Íslands*

*Gróður fyrir fólk*

*Græn byggð*

*Hraunavinir*

*Líffræðifélag Íslands*

*Náttúrugrið*

*Náttúruverndarsamtök Austurlands – Naust*

*Náttúruverndarsamtök Suðurlands*

*Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands*

*Náttúruverndarsamtök Vestfjarða*

*Skógræktarfélag Íslands*

*Skrauti*

*SUNN – Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi*

*Ungir umhverfisverndarsinnar*

*Ungsól*

*Veraldarvinir*

*Vinir Þjórsárvera*

Afrit:

Forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir